



Akraneskaupstaður

Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri  
Stillholti 16-18  
300 Akranes

Akranesi, 18. nóvember 2015  
1511243 SA

### Efni: Drög að nýrri gjaldskrá Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar

Meðfylgjandi eru drög ofangreindu. Í núgildandi gjaldskrá er ekki tilvísun til ákvæða brunavarnalaga nr. 75/2000 og hefur gjaldskráin ekki verið birt í Stjórnartíðindum. Æskilegt er að úr þessu sé bætt til að taka af allan vafa um lögmæti gjaldtöku Slökkviliðsins bæði vegna verkefna sem innt af hendi lögum samkvæmt eða flokkast sem önnur verkefni og þjónusta sem ekki eru falin örðrum að lögum og varða velferð íbúa Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar sbr. II. kafla gjaldskrárinnar.

Til hliðsjónar við gerð gjaldskrárinnar voru einkum hafðar nýlegar gjaldskrár Slökkviliðs Grindavíkur, og Slökkviliðs Fjallabyggðar, bæði hvað varðar form og efni, þ.m.t. gjöld en þær eru birtar í Stjórnartíðindum.

Lagt er til að drögin fari sem fyrst fyrir bæjarráð/bæjarstjórn Akraneskaupstaðar og sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar til umfjöllunar með það markmið í huga að gildistaka geti orðið um næstu áramót.

Gera má ráð fyrir að sértekjur Slökkviliðsins aukist verulega við setningu gjaldskrárinnar en ekki hefur t.d. verið innheimt gjald vegna eftirlits og eftirfylgni vegna formlegra athugasemda þar sem veittur er frestur til úrbóta sbr. 5. gr. og 8. gr. gjaldskrárinnar.

Virðingarfyllst,

Steinar Adolfsson, sviðsstjóri

Fylgigögn:

1. Drög að nýrri gjaldskrá Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar
2. Gjaldská Slökkvilið Grindavíkur nr. 1305/2014.
3. Gjaldskrá Slökkviliðs Fjallabyggðar nr. 434/2015.
4. Greinargerð slökkviliðstjóra vegna nýrra gjaldskrár
5. Gildandi gjaldskrá Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar.

